

IV. Tillaga til 409. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 30. nóvember 2017

Tillaga 1. fundar ungmennaráðs frá 14. nóvember sl., um breytingar á erindisbréfi ungmennaráðs.

1. Ungmennaráð Ísafjarðarbæjar - Erindisbréf og skipan í trúnaðarstörf - 2017110025

Lagt fram samþykkt erindsbréf ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar og til samanburðar erindisbréf ungmennaráðs Seltjarnarness, þar sem ekki er notast við fulltrúalýðræði eins og gert er ráð fyrir í erindisbréfi ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar.

Ungmennin sem mætt voru til fundarins leggja til að gerðar verði breytingar á erindisbréfinu í samræmi við umræður á fundinum. Lagt er til að ungmennaráðið starfi samkvæmt beinu lýðræði en ekki eftir fulltrúalýðræði eins og erindisbréfið gerir ráð fyrir.